

### **Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gerð verði könnun meðal foreldra grunnskólabarna um hvort þeir viti hver skólasálfræðingur barna þeirra er og þekki hann jafnvel með nafni.

#### **Greinargerð:**

Skólasálfræðingar hafa ekki aðsetur í skólum heldur á þjónustumiðstöðvum. Þeir ferðast út í skólanna eftir atvikum og sumir dvelja í skólunum hluta dags í viku til að sinna sálfræðiþjónustu, ýmist greiningum og/eða ráðgjafarviðtölum. Fulltrúi Flokks fólksins hefur orðið þess áskynja að algengt virðist vera að foreldrar telja að enginn sálfræðingur sé í skóla barna þeirra og jafnvel þótt þeir viti það þekkja þeir ekki nafn sálfræðingsins. Þar sem fulltrúi Flokks fólksins telur mikilvægt að foreldrar viti að það er í lögum að allir grunnskólar hafi sálfræðing er nauðsynlegt að átta sig á hversu mikla og djúpa kynningastarfsemi þarf að fara í til að upplýsa foreldra um að í skóla barna þeirra er starfandi sálfræðingur.